

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 319/2014

2015/EES/8/49

frá 27. mars 2014

um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 593/2007 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 64. gr.,

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tekjur Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Flugöryggisstofnunin) samanstanda af fjárframlögum frá Sambandinu og þeim þriðju löndum í Evrópu sem Sambandið hefur gert samninga við, sem um getur í 66. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þóknunum frá umsækjendum vottorða og samþykkja, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, viðheldur eða breytir, og gjöldum, sem eru innheimt vegna útgáfu efnis, kærumeðferðar, þjálfunar og annarrar þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007⁽²⁾ voru ákvarðaðar þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnunin á að innheimta. Nauðsynlegt er þó að breyta gjaldskránni til að tryggja jafnvægi á milli kostnaðar Flugöryggisstofnunarinnar við vottun og þjónustu, sem er veitt, og þeirra tekna sem eiga að standa undir fyrrnefndum kostnaði.
- 3) Ákvarða ætti þóknarir og gjöld, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt.
- 4) Þóknarir, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, ættu ekki að stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreina í Evrópu í hættu. Það ætti enn fremur að ákvarða þær á grundvelli viðmiðana þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til greiðslugetu lítilla fyrirtækja.
- 5) Jafnvel þótt öryggi í almenningflugum ætti að vera það sem mestu varðar ætti Flugöryggisstofnunin samt sem áður að taka fullt tillit til kostnaðarhagkvæmni við framkvæmd verkefna sem hvíla á herðum hennar.
- 6) Landfræðileg staðsetning fyrirtækjanna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna ætti ekki að hafa í för með sér mismunun. Af þessum sökum ætti að leggja saman ferðakostnað í tengslum við vottunarverkefni, sem framkvæmd eru vegna slíkra fyrirtækja, og deila honum niður á umsækjendur.
- 7) Í þessari reglugerð er gert ráð fyrir að Flugöryggisstofnunin geti innheimt þóknarir fyrir vottunarverkefni sem eru ekki nefnd í viðaukanum við þessa reglugerð en sem falla innan valdsviðs reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 8) Umsækjandinn ætti að hafa rétt á að fara fram á upplýsingar um áætlaða fjárhæð sem á að greiða fyrir vottunarverkefni eða þjónustu. Viðmiðanir, sem eru notaðar til að ákvarða fjárhæðina, sem á að greiða, ættu að vera skýrar, samræmdar og aðgengilegar almenningi. Ef ekki er unnt að ákvarða þessa fjárhæð nákvæmlega fyrir fram ætti Flugöryggisstofnunin að setja gagnsæjar meginreglur til að meta fjárhæðina sem á að greiða við veitingu vottunarverkefnisins eða þjónustunnar.
- 9) Fastsetja ætti fresti fyrir greiðslu þóknana og gjalda sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð.
- 10) Mæla ætti fyrir um viðeigandi úrræði vegna vanskila, t.d. viðkomandi umsóknarferlum slitið, viðkomandi samþykktir gerðar ógildar, frekari veiting vottunarverkefna eða þjónustu til sama umsækjanda stöðvuð og útistandandi fjárhæðir innheimtar með tiltækum ráðum.
- 11) Innan atvinnugreinarinnar ættu menn að hafa skýra mynd af fjármálunum og vera færir um að áætla fjárhæð þeirra þóknana og gjalda sem þeir munu verða krafðir um að greiða. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja jafnvægi milli heildarútgjalda Flugöryggisstofnunarinnar við framkvæmd vottunarverkefnanna og þjónustunnar og heildartekna af þóknunum og gjöldum sem hún innheimtir. Ákvarða ætti þóknarir og gjöld þannig að komið sé í veg fyrir halla eða umtalsverðan uppsafnaðan afgang í samræmi við ákvæði fjárhagslegrar rammareglugerðar⁽³⁾. Því ætti að vera skyldubundið að endurskoða árlega fjárhæð þóknana og gjalda ef um er að ræða endurtekinn halla eða umtalsverðan afgang, á grundvelli fjárhagsniðurstaðna og –spáa Flugöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 93, 28.3.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Gert er ráð fyrir að drög að framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 208. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002, öðlist gildi frá og með 1. janúar 2014.

- 12) Hafa skal samráð við hagsmunaaðila áður en gerðar eru breytingar á þóknunum. Enn fremur skal Flugöryggisstofnunin reglulega veita hagsmunaaðilum upplýsingar um hvernig og á hvaða grundvelli þóknunir eru reiknaðar. Slíkar upplýsingar ættu að veita hagsmunaaðilum yfirsýn yfir þann kostnað sem til fellur hjá Flugöryggisstofnuninni og framleiðni hennar.
- 13) Gjaldskrárnar, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu að byggjast á spám Flugöryggisstofnunarinnar að því er varðar vinnuálag hennar og tengdan kostnað. Við endurskoðun á gjaldskrár ætti að fylgja málsmeðferð sem heimilur breytingar án ástæðulausra tafa á grundvelli reynslu Flugöryggisstofnunarinnar af beitingu þessarar reglugerðar, samfelld úrræði, vinnuáðferðir við vöktun og aukna skilvirkni því tengt sem og símat á fjárhagslegri þörf. Í þessu samhengi ætti að veita því athygli að Flugöryggisstofnuninni mun, eigi síðar en í janúar 2016, vera skylt að leggja sitt af mörkum, af tekjum af þóknunum og gjöldum, í lífeyriskerfi starfsfólks síns sem er fjármagnað með þóknunum og gjöldum Flugöryggisstofnunarinnar. Breyta þarf fjárhæð þóknana og gjalda til að uppfylla þessa fjárþörf.
- 14) Heimilt mun verða, í tengslum við þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin veitir á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu, að fjármagna kostnað með gjöldum sem innheimt eru af notendum flugleiðsöguþjónustu í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013⁽⁴⁾.
- 15) Rétt þykir að gjöld, sem lögð eru á vegna kærna ákvarðana á vegum Flugöryggisstofnunarinnar, séu greidd að fullu áður en kærnan er tekin til greina.
- 16) Samningarnir, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. í reglugerð (EB) nr. 216/2008, ættu að liggja til grundvallar mati á raunverulegu vinnuálagi sem felst í vottun framleiðsluvara frá þriðju löndum. Að meginreglu til er ferlinu við fullgildingu Flugöryggisstofnunarinnar á vottorðum, sem þriðja land gefur út og Sambandið hefur gert viðeigandi samning við, lýst í þessum samningum og ætti það að leiða til annars konar álags en við ferlið sem krafist er vegna vottunarstarfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 18) Reglugerð (EB) nr. 593/2007 ber því að fella úr gildi.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu (Stjórn ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er ákveðið í hvaða tilvikum eigi að innheimta þóknunir og gjöld, fjárhæð þessara þóknana og gjalda er ákveðin og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- „þóknunir“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir vottunarverkefni,
- „gjöld“: fjárhæðir, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir þjónustu, að undanskildum vottunarverkefnum, sem Flugöryggisstofnunin veitir, eða, ef um er að ræða kærur, einstaklingur eða lögaðili sem leggur fram kærna,
- „vottunarverkefni“: öll starfsemi sem Flugöryggisstofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar,
- „þjónusta“: hverskonar starfsemi, sem Flugöryggisstofnunin innir af hendi, að undanskildum vottunarverkefnum, þ.m.t. afhending vöru,
- „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir því að hafa hag af vottunarverkefni eða þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.

3. gr.

Ákvörðun þóknana og gjalda

- Einungis Flugöryggisstofnunin skal innheimta og leggja á þóknunir og gjöld í samræmi við þessa reglugerð.
- Aðildarríki skulu ekki innheimta þóknunir fyrir vottunarverkefni jafnvel þótt þau annist þessi verkefni fyrir hönd Flugöryggisstofnunarinnar. Flugöryggisstofnunin skal endurgreiða aðildarríkjunum fyrir vinnu við vottunarverkefni sem þau annast fyrir hennar hönd.
- Þóknunir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.
- Fjárhæðirnar, sem um getur í I. og II. hluta viðaukans, skulu vera verðtryggðar ár hvert og fylgja verðbólgu sem mæld er í samræmi við aðferðina í IV. hluta viðaukans.
- Þrátt fyrir þóknunirnar, sem um getur í viðaukanum, geta þóknunir fyrir vottunarverkefni, sem framkvæmd eru í tengslum við tvíhliða samning á milli Sambandsins og þriðja lands fallið undir sérstök ákvæði sem mælt er fyrir um í viðkomandi tvíhliða samningi.

4. gr.

Greiðsla þóknana eða gjalda

1. Flugöryggisstofnunin skal setja skilmála um greiðslu þóknana og gjalda þar sem fram kemur við hvaða skilyrði Flugöryggisstofnunin leggur á gjöld fyrir vottunarverkefni og þjónustu. Flugöryggisstofnunin skal birta skilmálana á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Umsækjandinn skal greiða að fullu þá fjárhæð sem honum ber, þ.m.t. mögulegan bankakostnað sem tengist greiðslunni, innan 30 almanaksdaga frá því að umsækjandanum er tilkynnt um reikninginn.

3. Hafi Flugöryggisstofnunin ekki móttengið greiðslu reiknings að loknum frestinum, sem um getur í 2. mgr., er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta vexti fyrir hvern þann almanaksdag sem greiðsla dregst.

4. Vextirnir skulu vera þeir vextir sem Seðlabanki Evrópu notar við skammtímalánafyrirgreiðslur sínar og eru birtir í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, ásamt því að vera í gildi á fyrsta almanaksdegi þess mánaðar þegar greiðslan fellur í gjalddaga, að viðbættum átta prósentustigum.

5. Hafi Flugöryggisstofnunin sannanir fyrir brestum í fjárhagslegri getu umsækjanda getur hún synjað umsókn nema umsækjandi leggi fram bankaábyrgð eða örugga innborgun.

6. Flugöryggisstofnunin getur synjað umsókn hafi umsækjandi ekki staðið skil á greiðslum fyrir vottunarverkefni eða þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur innt af hendi, nema umsækjandi greiði útistandandi fjárhæðir fyrir þessi vottunarverkefni eða þjónustu.

5. gr.

Ferðakostnaður

1. Ef vottunarverkefni eða þjónusta, eins og um getur í I. hluta og 1. lið II. hluta viðaukans, fer fram að öllu leyti eða að hluta til utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, skal umsækjandinn greiða ferðakostnað í samræmi við formúluna:

$$d = v + a + h_1 - e$$

2. Umsækjandinn skal greiða ferðakostnað fyrir þjónustuna, sem um getur í 2. lið II. hluta, óháð landfræðilegri staðsetningu þar sem þjónustan fer fram, samkvæmt formúlunni:

$$d = v + a + h_2$$

3. Að því er varðar formúlurnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., gildir eftirfarandi:

d = ferðakostnaður sem greiða skal,

v = flutningskostnaður,

a = opinberir staðlaðir taxtar framkvæmdastjórnarinnar fyrir dagpeninga að því er varðar gistingu, máltíðir, kostnað við ferðir innan svæðisins í tengslum við viðkomandi verkefni og ýmis önnur útgjöld⁽¹⁾,

h₁ = ferðatími (fjöldi klukkustunda sem sérfræðingar verja til ferðalags í tengslum við verkefni) sem innheimt er fyrir samkvæmt tímataxtanum í 1. lið II. hluta viðaukans,

h₂ = ferðatími (fjöldi klukkustunda sem sérfræðingar verja til ferðalags í tengslum við verkefni) sem innheimt er fyrir samkvæmt tímataxtanum í 2. lið II. hluta viðaukans,

e = meðalferðakostnaður innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, að meðtöldum meðalflutningskostnaði og meðalferðatíma innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, sem eru margfaldaðir með tímataxtanum í 1. lið II. hluta viðaukans. Þetta gildi er endurskoðað árlega og lagðar á það verðbætur.

6. gr.

Áætluð fjárhæð

1. Umsækjandinn getur óskað eftir upplýsingum um áætlaða fjárhæð sem á að greiða.

2. Óski umsækjandinn eftir upplýsingum um áætlaða fjárhæð eða breytingu á henni, skal starfsemin stöðvuð tímabundið þar til Flugöryggisstofnunin hefur lagt fram viðkomandi áætlun og umsækjandinn hefur samþykkt hana.

3. Flugöryggisstofnunin skal breyta fjárhagsáætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en Flugöryggisstofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

II. KAFLI

ÞÓKNANIR

7. gr.

Almenn ákvæði um greiðslu þóknana

1. Vottunarverkefni eru háð því að þóknunin sé greidd fyrir fram að fullu, nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir tilhlýðilegt mat á fjárhagslegri áhættu. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að reikningsfæra þóknunina í einni greiðslu eftir að hafa tekið við umsókninni eða í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins.

(1) Sjá gildandi taxa fyrir dagpeninga í „*Current per diem rates*“ á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar fyrir þróunarstöð Evrópu (EuropeAid) (http://ec.europa.eu/europeaid/work/procedures/implementation/per_diems/index_en.htm), síðast uppfærðir 5. júlí 2013.

2. Þóknunin, sem umsækjandinn á að greiða fyrir ákveðið vottunarverkefni, skal samanstanda af:

- a) fastri þóknun, sem sett er fram í I. hluta viðaukans, eða
- b) breytilegri þóknun.

3. Breytilega þóknunin, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal ákveðin með því að margfalda raunfjölda vinnustunda og tíma-taxtann í 1. lið II. hluta viðaukans.

4. Við beitingu síðari reglugerða um vottunarverkefni, sem Flugöryggisstofnunin á að framkvæma samkvæmt viðeigandi ákvæðum í reglugerð (EB) nr. 216/2008, er Flugöryggisstofnuninni heimilt að innheimta þóknunir, skv. 1. lið II. hluta viðaukans, að því er varðar önnur vottunarverkefni en þau sem um getur í viðaukanum, þar til unnt verður að taka upp sérstök ákvæði í þessari reglugerð um að Flugöryggisstofnunin innheimti viðkomandi þóknunir.

8. gr.

Greiðslutímabil

1. Þóknunirnar, sem um getur í töflum 1–4 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn og fyrir hvert 12 mánaða tímabil. Eftir fyrstu 12 mánuðina skal þóknunin vera 1/365 af viðkomandi þóknun á ársgrundvelli fyrir hvern dag.

2. Þóknunirnar, sem um getur í töflu 5 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hverja umsókn.

3. Þóknunirnar, sem um getur í töflu 6 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil.

4. Þóknunirnar, sem tengjast fyrirtækjunum sem um getur í töflum 7–11 í I. hluta viðaukans, skulu innheimtar sem hér segir:

- a) samþykkisþóknunir skulu innheimtar fyrir hverja umsókn,
- b) eftirlitsþóknunir skulu innheimtar fyrir hvert 12 mánaða tímabil,
- c) allar breytingar á fyrirtækinu, sem hafa áhrif á samþykki þess, leiða til endurútreiknings á eftirlitsþóknun frá og með næsta 12 mánaða tímabili.

9. gr.

Umsóknarferli stöðvað

1. Synja má umsókninni ef greiðslur þóknana berast ekki fyrir vottunarverkefni áður en tímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er liðið og eftir að Flugöryggisstofnunin hefur haft samráð við umsækjandann.

2. Í eftirfarandi tilvikum skulu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, greiddar að fullu þegar Flugöryggisstofnunin hættir vinnu við vottunarverkefni en þær mega þó ekki vera hærri en viðkomandi fasta þóknun, ásamt ferðakostnaði og öllum öðrum kostnaði sem ber að greiða:

- a) ef Flugöryggisstofnunin synjar umsókninni eða
- b) stöðva þarf vottunarverkefni þar sem umsækjandinn:
 - i. hefur ófullnægjandi fjárráð,
 - ii. uppfyllir ekki gildandi kröfur eða
 - iii. ákveður að hætta við umsóknina eða fresta verkefni sínu.

3. Þegar Flugöryggisstofnunin hefur vinnu við vottunarverkefni á ný, að beiðni umsækjanda, sem hafði áður verið stöðvuð, skal hún innheimta nýja þóknun, án tillits til þeirra þóknana sem þegar hafa verið greiddar fyrir verkefnið sem hafði verið stöðvað.

10. gr.

Tímabundin ógilding eða afturköllun vottorðs

1. Ef greiðslur hafa ekki borist vegna útistandandi þóknana að loknu tímabilinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr., er Flugöryggisstofnunin heimilt að fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það, að höfðu samráði við umsækjanda.

2. Felli Flugöryggisstofnunin vottorðið tímabundið úr gildi, vegna vanskila á árlegri þóknun eða eftirlitsþóknun eða vegna þess að umsækjandi uppfyllir ekki viðeigandi kröfur, skal viðeigandi þóknunartímabili viðhaldið og umsækjandinn skal greiða fyrir tímabilið þar sem vottorðið var fellt tímabundið úr gildi.

3. Afturkalli Flugöryggisstofnunin vottorðið skal greiða að fullu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, en þær mega þó ekki vera hærri en viðkomandi föst þóknun, ásamt öllum öðrum fjárhæðum sem eru til greiðslu á þeim tíma.

11. gr.

Innskil eða framsal vottorða

Ef handhafi skilar inn vottorði eða framselur samsvarandi vottorð skal greiða að fullu eftirstöðvar þóknana, sem eru reiknaðar út samkvæmt tímaþóknun yfirstandandi 12 mánaða tímabils, en þær mega þó ekki vera hærri en viðeigandi föst þóknun, daginn sem innskilin eða framsalið öðlast gildi, ásamt öllum ferðakostnaði og öllum öðrum fjárhæðum sem eru til greiðslu á þeim tíma.

12. gr.

Vottunarverkefni í sérstökum undantekningartilvikum

Hækka skal þóknunir í sérstökum tilvikum til að þær standi undir öllum kostnaði Flugöryggisstofnunarinnar við að uppfylla sérstakar óskir umsækjandans, ef vottunarverkefnið er, sökum þessarar beiðni, framkvæmt í sérstökum undantekningartilvikum með eftirfarandi hætti:

- a) með því að fela verkefnið hópum starfsfólks, sem Flugöryggisstofnunin gerir að jafnaði ekki, samkvæmt staðlaðri málsmeðferð sinni, eða
- b) með því að fela verkefnið nægilega mörgu starfsfólki til að unnt sé að vinna það hraðar en samkvæmt staðlaðri málsmeðferð Flugöryggisstofnunarinnar.

III. KAFLI

GJÖLD

13. gr.

Gjöld

1. Fjárhæð gjaldanna, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir tegundir þjónustu, sem taldar eru upp í 1. lið II. hluta viðaukans, skal samsvara raunkostnaðinum við

þjónustuna sem veitt er. Með það fyrir augum skal sá tími sem Flugöryggisstofnunin hefur varið í að veita þjónustuna reikningsfærður samkvæmt tímataxtanum í þeirri skrá.

2. Fjárhæð gjaldanna, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir fyrir aðrar tegundir þjónustu en þær sem taldar eru upp í 1. lið II. hluta viðaukans, skal samsvara raunkostnaðinum við þjónustuna sem veitt er. Með það fyrir augum skal sá tími sem Flugöryggisstofnunin hefur varið í að veita þjónustuna reikningsfærður samkvæmt tímataxtanum sem um getur í 2. lið II. hluta viðaukans.

3. Kostnaður, sem Flugöryggisstofnunin gæti stofnað til við framkvæmd sérstakrar þjónustu, sem ekki er hægt að ákvarða með fullnægjandi hætti og innheimta samkvæmt tímataxta, skal innheimtur í samræmi við innri stjórnsýslumeðferð.

14. gr.

Sá tími sem gjöld eru innheimt

Innheimta skal gjaldið áður en þjónustan er veitt nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til fjárhagslegrar áhættu.

IV. KAFLI

KÆRUR

15. gr.

Kærumæðferð

1. Gjöld skulu innheimt fyrir að meðhöndla kæru sem lögð er fram skv. 44. gr. reglugerðar nr. 216/2008. Fjárhæð gjalda skal reiknuð út í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í III. hluta viðaukans. Kæra skal aðeins talin lögmæt ef kærugjaldið hefur verið greitt innan þeirra tímamarka sem um getur í 3. mgr.

2. Lögðili, sem leggur fram kæru, skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina vottorð, undirritað af viðurkenndum embættismanni, þar sem velta stefnanda er tilgreind. Þetta vottorð skal lagt fram ásamt kærinni.

3. Greiða skal kærugjöld, samkvæmt viðeigandi málsmeðferðarreglum Flugöryggisstofnunarinnar, innan 60 almanaksdaga frá því að kærnan var skráð hjá Flugöryggisstofnuninni.

4. Ef stefnandi fær málið dæmt sér í vil skal Flugöryggisstofnunin endurgreiða kærugjöldin.

V. KAFLI

MÁLMEÐFERÐARREGLUR FLUGÖRYGGISSTOFNUNARINNAR

16. gr.

Almenn ákvæði

1. Flugöryggisstofnunin skal halda tekjum og útgjöldum vegna vottunarverkefna og veittrar þjónustu aðgreindum frá öðrum tekjum og útgjöldum.

Í því skyni að aðgreina tekjur og útgjöld sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein:

a) skulu þóknarir og gjöld, sem Flugöryggisstofnunin innheimtir, færðar í aðskilið bókhald og gildir sérstök reikningskilamálsmeðferð um þau,

b) skal Flugöryggisstofnunin taka saman og nota sundurliðaða reikninga þar sem birtast tekjur og útgjöld.

2. Við upphaf hvers fjárhagsárs skal til bráðabirgða gera heildarmat á væntanlegum þóknunum og gjöldum. Þetta mat skal byggjast á fyrri fjárhagsniðurstöðum Flugöryggisstofnunarinnar, mati hennar á útgjalda- og tekjuliðum og bráðabirgðastarfsáætlun hennar.

3. Ef heildartekjur af þóknunum, sem samanstanda af mörkuðum tekjum í samræmi við 5. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fara yfir heildarkostnað af vottunarverkefnum við lok hvers fjárhagsárs, skulu umframtekjur notaðar til að fjármagna vottunarverkefni í samræmi við a-lið 1. mgr. 19. gr. fjárhagsreglugerðar Flugöryggisstofnunarinnar.

17. gr.

Mat og endurskoðun

1. Flugöryggisstofnunin skal árlega veita framkvæmdastjórninni, stjórninni og ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, sem komið er á fót í samræmi við 4. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, upplýsingar um þá þætti sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæð þóknana. Þessar upplýsingar skulu einkum ná yfir sundurliðun kostnaðar sem tengist næstliðnum árum og næstu árum.

2. Flugöryggisstofnunin skal endurskoða reglulega viðaukann við þessa reglugerð til að tryggja að mikilvægar upplýsingar, sem tengjast undirliggjandi forsendum um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar, endurspeglar á viðeigandi hátt í fjárhæðum þóknana eða gjalda sem Flugöryggisstofnunin innheimtir.

Ef nauðsyn krefur má endurskoða reglugerð þessa eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar. Ef nauðsyn krefur skal breyta henni, einkum með tilliti til tekna Flugöryggisstofnunarinnar og tengds kostnaðar hennar.

3. Flugöryggisstofnunin skal hafa samráð við ráðgjafanefnd hagsmunaaðilanna, sem um getur í 1. mgr., áður en hún gefur álit um tillögur að breytingum á fjárhæðunum sem um getur í viðaukanum. Meðan á þessu samráði stendur skal Flugöryggisstofnunin rökstyðja ástæður fyrirhugaðra breytinga.

VI. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 593/2007 er felld úr gildi.

19. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Reglugerð þessi gildir sem hér segir:

a) þóknarir fyrir umsóknir, eins og sett er fram í I. og II. hluta viðaukans, gilda um allar umsóknir sem hafa verið skráðar eftir gildistöku þessarar reglugerðar,

- b) árleg þóknun og eftirlitsþóknun, sem settar eru fram í töflum 1 til 4 og 6 til 12 í I. hluta viðaukans, gilda um öll yfirstandandi vottunarverkefni frá og með næstu árlegu afborgun sem er til greiðslu eftir gildistöku þessarar reglugerðar,
- c) tímataxtar, sem eru settir fram í II. hluta viðaukans, gilda frá og með gildistöku þessarar reglugerðar um öll yfirstandandi verkefni sem eru gjaldskyld á grunni tímavinnu,
- d) verðbæturnar, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., skulu reiknaðar 1. janúar ár hvert eftir gildistöku þessarar reglugerðar, fyrst í janúar 2015.

2. Þrátt fyrir 18. gr., skulu ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005⁽⁵⁾ og (EB) nr. 593/2007 gilda áfram með tilliti til allra þóknana og gjalda sem eru utan gildissviðs þessarar reglugerðar í samræmi við 20. gr.

20. gr.

Gildistaka

Þessi reglugerð öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 frá 21. mars 2005 um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á (Stjtíð ESB L 81, 30.3.2005, bls. 7).

VIÐAUKI

EFNI:

- I. hluti: Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun
 II. hluti: Verkefni þar sem innheimt er á grunni tímavinnu
 III. hluti: Gjöld fyrir kærur
 IV. hluti: Ársverðbólga
 V. hluti: Til skýringar

I. HLUTI

Verkefni þar sem innheimt er föst þóknun*Tafla 1***Tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð**

(sem um getur í B- og O-kafla A-þáttar í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012)⁽⁶⁾

	Föst þóknun (evrur)
Fastvængjalofftar	
Yfir 150 000 kg	1 785 000
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	1 530 000
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	510 000
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	382 500
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	263 800
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	13 940
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	6 970
Léttar sportflugvélar	5 230
Þyrilvængjur	
Stórar	464 000
Meðalstórar	185 600
Litlar	23 240
Mjög léttar þyrilvængjur	23 240
Annað	
Loftbelgir	6 970
Stór loftskip	38 630

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

	Föst þóknun (evrur)
Meðalstór loftskip	15 450
Lítill loftskip	7 730
Knúningsafl	
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er yfir 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru yfir 2 000 kW	395 000
Hverfihreyflar með flugtakskný, sem er allt að 25 KN, eða aflafköst fyrir flugtak sem eru allt að 2 000 kW	263 300
Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	34 860
Hreyflar CS-22.H, CS-VLR, flokkur B	17 430
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með meiri hámarksflugtaksþyngd (MTOW) en 5 700 kg	11 910
Loftskrúfa til notkunar í loftfari sem er með allt að 5 700 kg hámarksflugtaksþyngd	3 400
Flokkur loftskrúfu CS-22J	1 700
Hlutar og búnaður	
Verðmæti yfir 20 000 evrum	8 780
Verðmæti á bilinu 2 000–20 000 evrur	5 020
Verðmæti undir 2 000 evrum	2 910
Aukaafstöðvar (APU)	208 800

Tafla 2

Gerðir tegundarvottorða eða takmörkuð tegundarvottorð

	Föst þóknun ⁽¹⁾ (evrur)
Fastvængjaloftfar	
Yfir 150 000 kg	614 100
Yfir 50 000 kg og allt að 150 000 kg	368 500
Yfir 22 000 kg og allt að 50 000 kg	245 600
Yfir 5 700 kg og allt að 22 000 kg (þ.m.t. loftför með mikla afkastagetu)	196 500
Yfir 2 000 kg og allt að 5 700 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	93 000

	Föst þóknun ⁽¹⁾ (evrur)
Allt að 2 000 kg (að undanskildum loftförum með mikla afkastagetu)	3 250
Mjög léttar flugvélar, vélsvifflugur, svifflugur	2 790
Léttar sportflugvélar	2 090
Þyrlvængjur	
Stórar	185 600
Meðalstórar	116 000
Litlar	11 600
Mjög léttar þyrlvængjur	6 970
Annað	
Loftbelgir	2 790
Stór loftskip	23 200
Meðalstór loftskip	9 280
Lítil loftskip	4 640
Knúningsafl	
